



Reglugerð Brúarlán/ varasjóður Íþróttabandalagi Akraness (ÍA).

Stjórn ÍA hefur heimild til þess að lána fullgildu aðildarfélagi „Brúarlán“.

Lán það er ætlað að aðstoða félög sem lenda í fjárhagsvandræðum að brúa ákveðið tímabil fjárhagslega.

Stjórn ÍA hefur sett á stofn varasjóð til þess að geta hjálpað félögum í vanda.

Upphæð varasjóðs má ekki fara niður fyrir kr. 10. milljónir ár hvert. Upphæð sjóðsins þarf að ávaxta á sem hagkvæmasta og besta hátt til þess að auka og halda verðgildi sjóðsins, án þess að binda fjármuni í lengri tíma en 30 daga.

Brúarlán eru almennt ætluð til styttri tíma í senn og eiga helst að vera endurgreidd innan ársins. Stjórn ÍA er heimilt að veita undanþágu séu öll gögn sem styðja það. Sérstakur lánasamningur er gerður um þessi lán og hann á milli ÍA og þess félags sem þarfnast aðstoðar. Félagið sem óskar eftir aðstoð þarf að skila inn göngum með beiðni til stjórnar ÍA. Gögn sem skila þarf eru:

- Endurgreiðslu áætlun
- Fjárhagsáætlun

Ef reikningar félagsins fyrri utan varasjóð eru með umfram fjármunum sem nema meira en rekstur bandalagsins til þriggja mánaða, hefur stjórn ÍA heimild til þess að vera með auka úthlutun á styrkjum í lok hvers árs til félaga. Þeir styrkir og úthlutun þeirra er ákvörðun stjórnar ÍA í hvert skipti.

Lagt fyrir og samþykkt á ársþingi Íþróttabandalagsins 18. apríl 2024